

# TAKMARKIÐ

## I

Eins og vikið er að í greininni um „kraftaverk og magnanafræði“, þá er þetta vort takmark, að komast á þá leið, sem liggur til sigurs á þjánинг og dauða. Eða með öðrum orðum, á leið hinnar ávalt vaxandi samstillingar. Og menn geta varla gert sér of háar hugmyndir um það, hvað mikið liggur við að komist verði á þá leið sem fyrst. Fyrir tæpum tíu árum gerði ég talsvert alvarlega tilraun til að vekja úti í löndum athygli á uppgötvunum sem leiða til stefnubreytingar í mannlegri hugsun, og á nauðsyn þeirrar stefnubreytingar. — Sagði ég hiklaust fyrir stórtíðindi og hin verstu, ef ekki tækist að koma því máli fram. Tilraunin mistókst auðvitað alveg, enda var mér þá margt óljóst og ókunnugt, sem mér hefir síðan tekist að vita og skilja. En ekki þurfti lengi eftir því að bíða, að spá mín rættist. Nokkrum mánuðum eftir að ég hafði gert tilraun mína, skall yfir styrjöldin mikla, stærsta heimskan, sem framin hefir verið á þessari jörð. Og þó mundi miklu ver fara, ef ekki færi nú að takast að koma fram hinni nauðsynlegu stefnubreytingu, það er að segja því, að stefnt sé til lífsins en ekki til dauðans. Ég get í fám orðum sagt, hvernig ég hygg að fara mundi, ef illa færi. Hér í Reykjavík mundu verða þær skemmdir af sjávargangi og ofviðri, að varla mundu bættar verða. (Skrifað 3. jan.). Fyrir miðja öldina mundi fólkið hrynda niður úr drepsótt svo þúsundum skipti, á skemmri tíma en mánuði. Um aldamótin 2000 mundi íbúatala hér í Reykjavík vera orðin fyrir neðan 300. Fyrir aldamótin 2100, yrði Ísland komið í auðn. Úti í Evrópu mundi fólksfjöldinn, eftir nokkrar kynslóðir, aðeins verða nokkrir tugir milljóna.

## II

Ótrúlega hörmuleg mundi sagan verða, ef stefna hinnar vaxandi þjáningar fengi að ráða áfram. En horfur á að stefnubreytingin geti hafist, eru mjög miklu betri nú, en fyrir 10 árum. Ég hefi nú fengið samband við suma hina gáfuðstu menn hér á jörðu. Sá núlifandi rithöfundur, sem ég dáist mest að, professor Macmillan Brown, hefir t. d. tekið máli mínu eins vel og búast mátti við af slíkum snillingi. Þessi mikli fróðleiksmaður telur líklegt, að kenning mín um eðli drauma, þ. e. að menn hafi í svefni samband við íbúa annara stjarna, sé rétt. Að vísu dugar mér það nú ekki til fulls, að þetta sé talið líklegt; menn verða að sjá til sanns, að það er rétt, sem ég hefi sagt um þetta efni. En það er það sem ég hygg að próf. Brown mundi einmitt gera, ef hann þekkti til fulls rannsóknir mínar. Annar mikill gáfumaður, sem skrifar mér svo að hressing er í, er Hardenberg greifi, af hinni nafnkunnu þýsku fursta- og greifa- og gáfumannaætt. Skálđið Novalis var af þeirri ætt, og þykir mér það dálítíð gaman, því að nafnið Novalis minnir á Nýal. En þessi frændi hans segist bíða tíðinda frá mér með mikilli eftirvæntingu. Enn einn gáfumann verð ég að nefna, Egger góðseiganda í Kärnthen í Austurríki; hann skrifar mér langt bréf, eftir að hafa lesið bráðabirgðaþýðingu á ritgerðinni um framtíð mannkynsins; segir hann að sér þyki slík ritgerð tíðindum sæta. Þá má nefna að dr. Fine Erichsen, mjög dugleg stúlka, er að þýða Nýal á þýsku. Mun það vera að þakka Jóni Leifs. Á ég þar góðan vin á Þýskalandi, sem Jón Leifs er, og þykir mér gott að geta sagt, að hann mun vera frægastur Íslendingur sinna jafnaldra. Hann er ekki hálfþrítugur enn, og hefur þó vakið eftirtekt á Þýskalandi bæði sem hljómsveitarstjóri og rithöfundur; virðist mér hann vera framúrskarandi bæði að viti og drengskap.

Margt fleira gæti ég talið, þó að ég geri það ekki að sinni; en engum mun ég gleyma, sem sýnt hefir greind og drengskap gagnvart mér, á þessum erfiðu árum. Og horfurnar eru nú þannig, að ég geri mér talsverðar vonir um að jafnvel á

þessu ári muni bregða til batans,<sup>1)</sup> enda þarf þess mjög, ef ég á lífi að halda, og margir aðrir þó, og sýnir dauði míns góða drengs, sem svo mikil eftirsjá er að, hversu tæpt er komið.<sup>2)</sup>

### III

Lífið á jörðu hér er landnám frá öflgari lífstöðvum. Þetta er höfuðsannleikur, sem alveg nauðsynlegt er að átta sig á, ef vel á að fara. Og eins og við mátti búast, gægist þessi sannleikur fram fyrir löngu, hjá hinum mestu vitringum hinna ágætustu þjóða. Hjá Persum, hjá Grikkjum, í fyrir-myndafræði (ideologi) Platóns, hjá hinni stórkostlegu sáensku þjóð, í tilsvaranafraði Swedenborgs (scientia correspondentiarum). En hjá þessum spekingum vantaði hina vísindalega undirstöðu, og þess vegna varð ekki byggt ofan á. En nú er sú undirstaða fundin og er nú kostur að byggja svo, að ekki hrynnji. Nú má sjá leið til að ná þannig sambandi við frumstöðvar lífsins, þar sem góðleikur ræður og fegurð og vitska, að lífið á jörðu hér geti vaxið fram til sigurs á öllum örðugleikum. Nýs sigurs. Því að svo ófullkomnu efni sem hér var fyrir, hefir ekki áður tekist að snúa til fullkomnumnar. Á þessum takmörkum, hefir sá kraftur, sem er að leitast við að skapa heiminn fram til fullkomnumnar, alltaf orðið að gefast upp. Aldrei gat í þessum útgörðum lífsins, tekist að koma fram því viti, sem þarf til þess að vísir lífsins hér geti samtaka orðið frumstöðvunum. Alltaf vofði sú bölvun yfir, að landnámið mundi mistakast, svo að hel yrði hér ráðandi, en ekki líf. En tilgangurinn er líf. Meira líf, betra líf. Ávalt meira líf og betra líf.

### IV

Það hlutverk, sem hinu norræna kyni er ætlað að vinna, er nú einmitt að koma þessu máli fram; og sérstaklega eru þar hin dýpstu rök Íslands byggingar. Því að hefði ekki

1) Bókin Towards the Stars kom út á því ári, og í minar hendur 28. ágúst '24.

2) Pjetur Hamar dó 19. okt. '23.

einvalalið af Norðurlöndum yfirgefið akra sína og skóga, til þess að nema hér land á þessum útjaðri hins byggilega heims, þá væri undir lok liðið hið ágætasta mál, sem fram hefir komið á jörðu hér, og hin rétta undirstaða hefði aldrei fundin orðið. Þegar vér gætum að þessu, þá verður saga hinnar íslensku þjóðar í öðru ljósi nokkuð, en áður hefir verið. Lífsbarátta hinnar ágætustu ættar hér í einangrunnni, þar sem lá við að hún veslaðist upp algerlega, hefði átt skilið meiri eftirtekt, samúð og stuðning frá frumstöðvum vorum, Norðurlöndum, en verið hefir. Og illa hefir þjóðin sjálf reynst sínum snillingum jafnan. En þó eru nú horfur á, að allir örðugleikar muni sigraðir verða, tilganginum náð, öllum heimi gert skiljanlegt, að hinni erfiðu baráttu hér, hefir barist verið, eigi einungis fyrir sjálfa oss, heldur fyrir Norðurlönd öll og allt mankyn.

31. jan. '24.